

STARFSLEYFI

fyrir móttöku og endurnýtingu á jarðvegi og steypuúrgangi Reitir Fasteignafélag hf.

Kt. 711208-0700
Korputúni, Mosfellsbær

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá **XX. desember 2025** til **31. mars 2026**

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir, hverju sinni, sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs móttöku og endurnýtingu á óvirkum steypuúrgangi til fyllingar í Korputún (F233-1633) sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lið 2.7 um vinnslu jarðefna í viðauka X við sömu reglugerð. Úrgangurinn verður fluttur frá Kringlunni 1, Reykjavík.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma m.a. í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024 um húsnæði og lóðir.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023.
- Reglugerð um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020.

Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í sértækum starfsleyfisskilyrðum, sbr. *fylgiskjal*.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Kópavogur, **27. nóvember 2025**

Starfsleyfisaskilyrði fyrir Reiti Fasteignafélag hf. vegna móttöku á ómenguðum jarðvegi og steypuúrgangi til endurnýtingar að Korputúni.

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir Reiti Fasteignafélag hf., kt. 711208-0700, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir, m.s.br. Til viðbótar við starfsleyfisaskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja, eftir því sem við á, ákvæðum almennra starfsleyfisaskilyrða heilbrigðisnefndar fyrir mengandi starfsemi.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá XX. desember 2025 til 31. mars 2026.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku á úrgangi til endurnýtingar, þ.e. móttöku á hreinum og ómenguðum úrgangi þ.e. uppgrefti frá framkvæmdum við Kringluna 1 og járnhreinsaðri og ómengaðri steypu vegna fyrirhugaðrar endurnýtingar á efninu í fyllingar við Korputún.
- 1.4 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisaskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- 1.5 Um endurskoðun á starfsleyfisaskilyrðum skal fara skv. ákvæðum 14. gr. í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.6 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.8 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.9 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.
- 1.12 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni, verði því við komið. Eintak af starfsleyfisaskilyrðum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.13 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.



2. Móttaka á úrgangi, athafnasvæði og umgengi.

- 2.1 Starfsleyfið gildir fyrir móttöku á allt að 10.000 m³ af úrgangi á gildistíma leyfisins, þ.e. móttöku á hreinu og ómengduðu jarðefni úr uppgreftri frá framkvæmdum við Kringluna 1 og járnhreinsaðri og ómengaðri steypu fyrir not til endurnýtingar við fyllingar við Korputún.
- 2.2 Óheimilt er með öllu að taka á móti öðrum úrgangi eða efni en tilgreint er í gr. 2.1. Berist mengað efni skal það fjarlægð þegar í stað og komið til viðeigandi meðhöndlunar eða förgunar sbr. verklagsreglur um móttökuna.
- 2.3 Rekstraraðila ber að setja verklagsreglur um móttökuna sem taka mið af starfsleyfisskilyrðum þessum.
- 2.4 Rekstraraðili getur falið verktaka að hafa umsjón með móttöku á efni. Rekstraraðili og verktaki skulu meta hvort þörf er á stýringu á móttöku efnis. Við móttöku skal gengið úr skugga um að efnið sé ekki mengað og ekki af öðru tagi en heimilt er samkvæmt starfsleyfi.
- 2.5 Ef á því ber að óviðkomandi losi efni eða annan úrgang á svæðinu getur Heilbrigðiseftirlitið farið fram á að svæðið verði afgirt eða aðgengi óviðkomandi hindrað með öðrum hætti.
- 2.6 Gæta skal af því að ekki verði fok úr efnishaugum. Verði fok skal gripið til ráðstafana til að stöðva fokið og skal rekstraraðili hafa viðbragðsáætlun sem kveður á um til hvaða ráðstafana skuli grípa til að koma í veg fyrir frekara fok.
- 2.7 Rekstraraðili skal halda ytra umhverfi snyrtilegu og gæta hreinlætis í hvívetna.
- 2.8 Vélar, tæki, búnaður, hráefni, úrgangur og annað það er starfseminni tilheyrir skal þannig frágengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna. Tæki og áhöld sem eru starfseminni óviðkomandi skulu ekki geymd á athafnasvæðinu.

3. Hávaði og titringur

- 3.1 Draga skal úr hávaða og titringi frá starfsemi eins og kostur er.
- 3.2 Um hávaða fer skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í töflu III í reglugerð um hávaða.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu áánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Nýta skal orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.
- 4.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist.

5. Innra eftirlit og skráningar

- 5.1 Rekstraraðili skal hafa reglulegt innra eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal eftirfarandi og skulu skráningar ávallt vera aðgengilegar Heilbrigðiseftirliti:
 1. Upplýsingar um móttöku á úrgangi sem kemur til endurnýtingar. Skrá skal magn, uppruna og meðhöndlun.
 2. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 3. Kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð rekstraraðila við þeim.



6. Stöðvun rekstrar

- 6.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, eignum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 6.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 6.3 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum 17. og 19. gr. í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs við lok starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Kópavogur, 27. nóvember 2025

